

Verktækni

Stéttarfélag verkfræðinga Tæknifræðingafélag Íslands Verkfræðingafélag Íslands

3. tbl. 13. árg. 2007

4

Aðalfundur KTFÍ

4

Samræmdar starfsreglur

6

ENGCARD

8

Framkvæmdasvið
Reykjavíkur

10

Aðalfundur SV

13

Aðalfundur VFÍ



Ljóm./GeoTek ehf.

Héðinsfjarðargöng

Héðinsfjarðargöng er stærsta verkefni sem Vegagerðin hefur boðið út en heildarkostnaður verður um sjö milljarðar króna. Jarðgöngin verða tvíbreið, um 3,7 km löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 km löng milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar. Við alla gangamunna verða steyptir vegskálar, samtals um 450 metrar að lengd. Heildarlengd ganga verður því um 11 km. Siglufjarðarmegin eru göngin orðin rúmlega 1200 metra löng og nýlega var 1000 metra áfanganum fagnað Ólafsfjarðarmegin.

Verkið nær ennfremur til lagningar 2 km langs aðkomuvegar í Siglufirði og um 0,6 km langs vegar í Héðinsfirði og um 0,6 km langs vegar í Ólafsfirði. Einnig er innifalinn breikkun á 0,7 km löngum vegkafla í Siglufirði, brú yfir Héðinsfjarðará og minni háttar vegtengingar í Siglufirði, Héðinsfirði og Ólafsfirði.

Héðinsfjarðargöng eru liður í að bæta samgöngur, auka umferðaröryggi og tengja Siglufjörð við Eyjafjarðarsvæðið og styrkja þannig byggð á svæðinu. Göngin munu stytta leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar úr 62 km í um 15 km miðað við leið um

Lágheiði og úr 234 km í 15 km miðað við leið um Öxnadalshéiði. Framkvæmdir á verkstað hófust í júní sl. og á verkinu að vera lokið í desember 2009.

Verktakar við framkvæmdina eru tékkneska fyrirtækið Metrostav a.s. og Háfell ehf. Fyrirtækið GeoTek ehf. hefur umsjón með framkvæmdinni og eftirlit. Nú starfa um 100 manns við jarðgangagerðina.

Helstu magntölur:

Fyllingar úr skeringum og námum	80.000 m ³
Borskeringar	31.000 m ³
Fyllingar	460.000 m ³
Gróftur í göngum	580.000 m ³
Sprautusteypa	24.000 m ³
Steypa vegskála	4.400 m ³
Malbik	170.000 m ²






Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir



DAGBÓKIN

Kjarakönnun SV

Kjarakönnun SV 2007 stendur yfir. Þeir verkfræðingar sem ekki hafa fengið könnunina geta tilkynnt netfang sitt til SV. Hægt er að senda upplýsingar um netfang eða breytingar á netfangi til inga@sv.is eða hringja í síma 568 9986. Verkfræðingur eru hvattir til að taka þátt í könnuninni. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sér um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar.

Efni á heimasíðurnar

Þeir sem óska eftir að fá birtar tilkynningar, fréttir og annað efni á heimasíðum VFÍ og TFÍ geta sent tölvupóst til ritstjóra Verktækni (sigrun@vfi.is eða sigrun@tfi.is) sem sér um að koma efninu inn á síðurnar.

Samlokufundir

Samlokufundir eru að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 12:00 í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Félagsmenn fá samlokur og drykki án endurgjalds en utanfélagsmenn geta keypt veitingarnar á sanngjörnu verði. Samlokufundirnir eru auglýstir á heimasíðum TFÍ og VFÍ.

Norræn tæringarráðstefnan – NKM 14

Norræn tæringarráðstefna, NKM 14 (Nordisk Korrosionsmøde 14) verður haldin í Danmörku 13. – 15. maí nk. NKM á rætur að rekja aftur til ársins 1954. Ráðstefnan var síðast haldin á Íslandi árið 2004 (NKM 13) og þótti takast afar vel. Nánari upplýsingar á vef ráðstefnunnar: www.nkm14.dk

Heimasíður SV, TFÍ og VFÍ

Stéttarfélag verkfræðinga: www.sv.is
Verkfræðingafélag Íslands: www.vfi.is
Tæknifræðingafélag Íslands: www.tfi.is
Athugið að hægt er að nálgast pdf-útgáfu af Verktækni á heimasíðunum.

Tölvupóstföng

Félagsmenn eru hvattir til að senda upplýsingar um tölvupóstföng sín til skrifstofu félaganna vfi@vfi.is; tfi@tfi.is. Þeir sem það vilja eru settir á póstlista og minntir sérstaklega á viðburði á vegum félaganna.

Skilafrestur

Næsta tölublað Verktækni kemur út í byrjun maímánaðar. Þeir sem vilja koma efni í blaðið og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að senda tölvupóst á sigrun@vfi.is eða sigrun@tfi.is

LEIÐARINN Aðalfundir

Þetta tölublað ber þess merki að nú er tími aðalfunda hjá félögum verkfræðinga og tæknifræðinga. Þegar þetta er skrifað eru fundirnir afstaðnir hjá Kjarafélagi tæknifræðinga, Stéttarfélagi verkfræðinga og Verkfræðingafélagi Íslands. Eftir er að halda aðalfund Tæknifræðingafélags Íslands og verður fjallað um hann í næsta tölublaði. Ársskýrslur félaganna eru birtar á heimasíðum þeirra.

Í Fréttablaðinu, nánar tiltekið 26. mars sl., var frétt með fyrisögninni „Verkfræðistofurnar tapa fyrir bökkunum“. Þar segir að verulegur skortur sé á tæknimennntuðu fólki hjá verkfræðistofunum og mikið vinnuálag, fjármálastofnanir séu vinsæll starfsvettvangur hjá verkfræðingum vegna hárra launa og hér á landi útskrifist of fáir verkfræðingar. Þetta eru ekki ný tíðindi. Reyndar hefur verið fjallað um ýmsa fleti þessa máls hér á síðum Verktækni. Minna má á þá staðreynd að kannanir SV sýna að aukin eftirspurn eftir starfskröftum verkfræðinga hefur ekki skilað sér í hærrí dagvinnulaunum. Hærrí laun verkfræðinga, þá væntanlega ef fjármálastofnanir eru undanskildar, eru að mestu leyti til komin vegna meiri vinnu. Þá hefur reyndar einnig verið bent á að hreyfanleiki verkfræðinga og tæknifræðinga á vinnumarkaði sé ekki nægilega mikill.

Undanfarna mánuði hefur hvert fyrirtækið á fætur öðru verið stofnað sem ætla sér stóra hluti í útrás á sviði jarðvarmavinnslu og þar á að nýta þekkingu íslenskra tæknimanna á þessu sviði. Það hljóta að teljast slæmar fréttir fyrir þau fyrirtæki að stærstur hluti nýútskrifaðra verkfræðinga hefur hug á að vinna í fjármálageiranum.

Miðað við þensluna í þjóðfélaginu á undanförunum árum hafa ekki útskrifast nógu margir tæknifræðingar og verkfræðingar hér á landi. Í því sambandi má þó benda á það sem kom fram í ávarpi fráfarandi formanns í ársskýrslu VFÍ, en þar segir: „Fjölgun nemenda í verkfræðinámi má líkja við sprengingu en á fjórum árum hefur fjöldi innritaðra nemenda nær tvöfaldast í skólunum tveimur.“


Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.

Brýr að baki

- Brýr á Íslandi í 1100 ár

Í janúarmánuði sl. kom út fjórða bókin í ritröð VFÍ og ber hún heitið: Brýr að baki – Brýr á Íslandi í 1100 ár. Bókin hefur fengið mjög góðar viðtökur enda er um að ræða glæsilegt rit, um 400 blaðsíður með fjölda mynda sem sumar hverjar hafa aldrei birst á prenti áður. Bókin er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og VFÍ. Höfundur er Sveinn Þórðarson, sagnfræðingur sem er lesendum fyrri bóka í ritröðinni að góðu kunnur fyrir vandaðan, lipran og skemmtilegan stíl.

Bókin er tilvalin tækifærisgjöf og kostar 4.900 krónur á skrifstofu VFÍ, en 4.400 krónur ef keypt eru fimm eintök eða fleiri. Nánari upplýsingar um verð og afsláttarkjör fást á skrifstofu VFÍ í síma: 568 8511. Einnig má senda fyrirspurn með tölvupósti: vfi@vfi.is. Bókin fæst einnig í Bókabúðum Pennans Eymundsson á Laugavegi, í Kringlunni og Austurstræti en þar er hún seld á 5700 krónur.



VERKTÆKNI

Engjateigi 9 · 105 Reykjavík
Sími: 568 8510 · Símbref: 568 9703 ·
Tölvupóstur: sigrun@vfi.is · sigrun@tfi.is

Blaðið VERKTÆKNI er gefið út af Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands og er dreift ókeypis til félagsmanna. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigrún S. Hafstein.

Blaðnefnd: Sveinbjörg Sveinsdóttir (SV), formaður, Árne Þór Árnason (TFÍ) og Ólafur Pétur Pálsson (VFÍ), auk ritstjóra.

Leyfilegt er að birta efni úr Verktækni ef heimildir er gefið. Skoðanir sem settar eru fram í blaðinu samrýmast ekki endilega viðhorfum útgafenda.

Prentvinnsla: Gutenberg · Mynd á forsiðu: Rafn Sigurbjörnsson · Aðstoð við útgáfu: Hænin · Sími: 55 88 100 · utgafa@utgafa.is

Aðalfundur KTFÍ

Aðalfundur Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ) var haldinn 15. apríl s.l. Á fundinum voru kynntar starfsreglur Sjúkrasjóðs KTFÍ og Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ en þær hafa nú verið samræmdar.

Bjarni Bentsson, formaður KTFÍ, flutti skýrslu stjórnar. Helstu verkefni á starfsárinu voru endurskoðun upplýsingamöppu um málefni KTFÍ en þeirri vinnu er ekki lokið. Kjarakönnun var gefin út á árinu og var um að ræða könnun á launum árið 2004 og septemberlaunum 2005. Einnig var gerð Kjarakönnun þar sem spurt var um árið 2005 og septemberlaun 2006. Könnunin var gerð á Netinu og tókst nokkuð vel, svarhlutfallið var um 40% og voru niðurstöður birtar í ársbyrjun 2007. Kjarakannanir KTFÍ eru ekki gefnar út á bókarformi, þess í stað eru þær birtar á heimasíðu KTFÍ. (Farið er inn á vef TFI, www.tfi.is, og valin stikan „KTFI“ efst á síðunni. Í listanum sem þá birtist vinstra megin er stikan „kjarakannanir“). Vinna við útgáfu nýrrar Kjarabókar hófst á árinu og er stefnt að því að hún komi út fljótlega. Allmörg mál félagsmanna komu til kasta stjórnar KTFÍ og voru nokkur þeirra send lögfræðingi félagsins til skoðunar.

Kjarasamningar

Samninganevnd KTFÍ við sveitarfélögin skrifaði undir nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. apríl 2006 til 30. nóvember 2008. Hægt er að nálgast samninginn á heimasíðu KTFÍ. Vinnu við stofnanasamninga ríkistofnana átti að vera lokið 1. maí 2006 og var töluvert af fyrirspurnum frá félagsmönnum vegna þeirrar vinnu.

Samræming regla

Á aðalfundinum voru kynntar starfsreglur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ og Sjúkrasjóðs KTFÍ en þær hafa nú verið samræmdar. Fjölskyldu- og styrktarsjóðurinn var stofnaður með samningi KTFÍ við fjármálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga í nóvember 2000. Sjúkrasjóður KTFÍ var stofnaður með samningi KTFÍ við FRV sem tók gildi 1. febrúar 2004. Á síðasta ári voru sjóð-



Bjarni Bentsson, formaður KTFÍ.

félagar í Sjúkrasjóðnum 218 en sjóðfélagar í Fjölskyldu- og styrktarsjóðnum voru 249 talsins.

Stjórn KTFÍ

Eftirtaldir sátu í stjórn KTFÍ síðastliðið starfsár: Bjarni Bentsson, formaður, Jón Ísaksson Guðmann, varaformaður, Haraldur Sigursteinsson, gjaldkeri, Kristjón Jónsson, ritari og Árni Þór Árnason, Þór Sigurþórsson og Samúel Smári Hreggviðsson meðstjórnendur. Ekki urðu breytingar á stjórn KTFÍ á aðalfundinum. Þeir Árni, Jón og Þór áttu að ganga úr stjórn en gáfu kost á sér áfram og voru kosnir til tveggja ára. Varamenn í stjórn verða þeir sömu, Karl Jensson og Óli Jón Hertervig.

KTFÍ er deild innan Tæknifræðingafélags Íslands en hefur fullt sjálfstæði til að vinna að bættum kjörum félagsmanna á hvern þann hátt sem landslög leyfa. Í því skyni fer félagið með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna um launakjör. Félagið hefur sjálfstæðan fjárhag.

Samræmdar starfsreglur

Starfsreglur Sjúkrasjóðs KTFÍ og Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ hafa nú verið samræmdar. Það þýðir að réttindi sjóðfélaga eru þau sömu hvort sem þeir vinna hjá hinu opinbera eða í einkageiranum. Hér verða reifuð helstu réttindi sjóðfélaga. Hægt er nálgast starfsreglurnar í heild á netinu, www.tfi.is. (Valin er stikan „KTFI“ efst á síðunni). Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér réttindi sín.

Sjúkra- og slysadagpeningar

Til viðbótar sjúkradagpeningum TR eða örorkulífeyri frá TR, lífeyrissjóði eða öðrum greiðslum greiðir sjóðurinn dagpeninga til sjóðfélaga. Um er að ræða **dagpeninga vegna veikinda eða slysa sjóðfélaga, dagpeninga vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga og dagpeninga vegna læknisrannsókna og örorku.**

Fyrirbyggjandi aðgerðir og verkefni sem stuðla að bættu heilsufari

Endurgreitt er 50% af kostnaði, samtals fyrir liði 1 til 5 að hámarki kr. 40.000 á hverjum tveimur árum, miðað við fyrstu greiðslu styrks. Greiddir verða eftirfarandi liðir:

1. Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkranudd, meðferð hjá kiropraktor eða sambærileg meðferð hjá löggiltum heilbrigðisstarfsmanni.
2. Sálfræðipjónusta, hjúkrunarméðferð, félagsráðgjöf, fjölskylduráðgjöf eða sambærilega meðferð hjá viðurkenndum fagmanni.
3. Faraldsfræðilegar rannsóknir/ hjarta-, lungna- og æðaskoðun.
4. Krabbameinsskoðun.
5. Dvöl á dvalar- og heilsustofnunum að læknisráði.

Einnig er greiddur kostnaður vegna námskeiða til að hætta að reykja. Að sinni mun sjóðurinn ekki taka þátt í kostnaði vegna líkamsræktar.

Gleraugu og augnaðgerðir

1. Endurgreitt er allt að 50% af kostnaði sjóðfélaga vegna gleraugnakaupa (glerja og/eða linsa) á þriggja ára fresti, að lágmarksupphæð kr.10.000 en að hámarki kr. 30.000.
2. Greiddur er staðlaður styrkur að fjárhæð

VST
Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.
569 5000 • www.vst.is


**Verkfræðistofa
Austurlands**
Selási 5 · 700 Egilsstaðir · Sími 471 1551
va@verkaust.is · www.verkaust.is



Ekki missa af endurgreiðslunni!

Fjölskyldan hjá SPRON er þjónustuleið sem er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda.

Ávinningur sem munar verulega um!

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðarlána, yfirdráttar eða víxla.
- Árleg 5% endurgreiðsla á tryggingaiðgjöldum auk sérkjara á kaskótryggingum bifreiða.*
- Tómstundastyrkir, vegleg inngöngugjöf við skráningu og fleira.

Skráðu fjölskylduna á spron.is og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

* Hjá VÍS (Vátryggingafélagi Íslands).



Arkitektar, verkfræðingar og verktakar!

Kynnið ykkur kosti forsteyptra eininga hjá BORG.
Við bjóðum hagstætt verð og stuttan afgreiðslutíma.

BORG - Forsteyptar einingar
Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777
Fax: 414-7779 · borg@evborg.is · www.evborg.is



TPO



Með Ecoseal þakdúk er náttúran varin

Umhverfsvæna þakkerfið frá Ecoseal

inniheldur hvorki PVC né halógen
og er án eitrefna.
Ecoseal TPO-þakdúkur er sá mest
notaði í heiminum.

Ecoseal veitir 15 ára ábyrgð.
Ecoseal þakdúkurinn uppfyllir alla
alþjóðlega staðla og íslenskar
reglugerðir.

Öll tæknileg atriði varðandi hönnun og
lagningu er unnin af
sérfræðingum **Trelleborg**.

**Þessi einstaki þakdúkur veitir húsum langtímavernd á
umhverfsvænan hátt.**



www.dukthak.is

dukthak@dukthak.is

SÍMI 564-1030

Steinninn stenst álagið

– steinrör fyrir framtíðina

Nefndu það
við steypum það



**LOFT
ORKA**
BORGARNESI EHF

Loftorka Borgarnesi ehf er alhliða verktakafyrirtæki á sviði
mannvirkjagerðar og sérhæfir sig í framleiðslu á forsteyptum
hlutum úr steinsteypu í mannvirki og steinrör í holræsi.

Loftorka Borgarnesi ehf

Engjaás 1

310 Borgarnes

Sími 433 9000

www.Loftorka.is

kr. 50.000 vegna laseraðgerða á öðru auga og 100.000 kr vegna laseraðgerða á báðum augum. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðfélagi samfelld í minnst eitt ár fyrir aðgerð.

Tæknifrjóganir og ættleiðing

Tæknifrjögungun:

- Greiddur er styrkur allt að kr. 100.000 vegna meðferða á tæknifrjögungardeildum.
- Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðfélagi samfelld í minnst eitt ár fyrir greiðslu styrks.

Ættleiðing:

Greidd er föst fjárhæð að hámarki kr. 100.000.

Heyrnartæki

Greiddur er styrkur til kaupa á heyrn-

artækjum, allt að 30% af upphæð tækjabúnaðar að frádregnum styrk Tryggingastofnunar á þriggja ára fresti að hámarki kr. 30.000.

Tannviðgerðir

Greidd eru 30% af tannlæknakostnaði ef hann fer umfram kr. 75.000 á ársgrundvelli. Hámarksgræiðsla er 200.000,- kr. á þriggja ára tímabili.

Útfararstyrkur og dánarbætur

Útfararstyrkur:

- Greiddur er útfararstyrkur vegna andláts greiðandi sjóðfélaga og barna hans að 20 ára aldri allt að kr. 250.000,-.
- Sjóðurinn greiðir ennfremur útfararstyrki kr. 150.000,- vegna andláts fyrrverandi sjóðfélaga allt að tveimur árum eftir að viðkomandi hefur hætt störfum vegna aldurs eða örorku.

- Útfararstyrkur greiðist til þess aðila er annast útförina.

Dánarbætur:

- Dánarbætur skulu vera hundraðshluti af launum og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dánarbóta skapast, enda hafi þær verið 1% af launum.
- Greiðslur skulu vera sem hér segir:
 - Fyrir maka eða sambýling: jafngildi 1 mánaðarlauna ef starfsmanni er ekki heimilud fjarvera án skerðingar á launum.
 - Fyrir hvert barn sjóðfélaga, yngri en 20 ára: jafngildi ½ mánaðarlauna greiðist til barns eða vörsluaðila. Sama gildir um fráfall annarra nákominna að fengnu mati sálgæslumanns.

Félagsmenn TFÍ nálgast 1000

Mikil fjölgun félagsmanna TFÍ hefur verið áberandi í rekstri félagsins undanfarin ár og það styttest í að þeir fylli þúsundið. Um miðjan marsmánuð voru þeir 995 talsins. Félagsmönnum TFÍ hefur fjölgað um 60% síðastliðin tíu ár, eða úr 620 í 995.

Fundir Menntunarnefndar TFÍ eru að jafnaði haldnir annan mánudag hvers mánaðar. Á fundum nefndarinnar er fjallað um umsóknir er varða inngöngu í TFÍ, leyfi til að nota starfsheitið tæknifræðingur eða ósk um endurinnkomu í félagið. Umsóknir síðastliðin ár voru 68 sem er með því mesta sem verið hefur á liðnum árum. Af þessum 68 umsóknum voru 49 tæknifræðingar samþykktir sem fullgildir nýir félagar í TFÍ.

Eftirtaldir tæknifræðingar hafa gengið til liðs við félagið á síðustu tveimur mánuðum:

Brautskráðir frá HR / THÍ / TÍ

Ágúst Þór Margeirsson
Borgþór Geirsson
Borgþór Grétarsson
Elín Rita Sveinbjörnsdóttir
Elling Guðmundsson
Guðbjartur Jón Einarsson
Guðni Örn Jónsson
Jónína Kristmanns Ingadóttir
Sigurður Þór Garðarsson
Steinn Valur Ingason
Tinna Björk Sigmundsdóttir
Þórður Rafn Jónsson
Þórólfur Kristjánsson

Brautskráðir í Danmörku

Einar Rögnvaldsson
Torfi Magnússon
Kristján Erlendsson

Aðrir skólar

Cleto Gumagny Armada
Jóhann F. Kristjánsson

Samstarf HR og TFÍ

Fulltrúar TFÍ áttu nýlega fundi með Svöfu Grönfeldt rektor HR ásamt deildarstjórnun um stöðu tæknifræðinnar innan HR. Í framhaldi af þessum fundum hefur verið ákveðið og stofna sex manna ráðgjafanefnd TFÍ / HR sem mun meðal annars fjalla um námsframboð og þróun námsbrauta í tæknifræði við HR, áherslur í kennslu faggreina, leiðir til að efla verklega kennslu, samstarfsfleti við atvinnulífið, tengsl fyrirtækja við nemendur s.s. gegnum loka- verkefni, sumarvinnu o.fl.

Jóhannes Benediktsson, formaður MTFÍ.

FEANI – Félag verkfræðinga og tæknifræðinga í Evrópu:

ENGCARD auðveldar flutning milli landa

VFÍ og TFÍ eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Innan vébanda samtakanna eru um tvær milljónir verkfræðinga og tæknifræðinga. Eitt stærsta verkefni samtakanna um þessar mundir er svokallað ENGCARD sem á að auðvelda verkfræðingum og tæknifræðingum að flytjast milli landa. Verkefnið gengur út á að undirbúa útgáfu á sérstökum skírteinum fyrir þessar starfsstéttir sem auðveldar þeim að skrá sig og fá vinnu innan landa Evrópusambandsins. Skírteinið mun innihalda ítarlegar upplýsingar um til dæmis menntun, starfsferil og endurmenntun viðkomandi. Hjá Evrópusambandinu er litið á þetta sem brautryðjendaverkefni sem muni verða tekið upp fyrir aðrar stéttir ef vel tekst til.



EUR-ACE verkefnið

FEANI hlaut á síðasta ári styrk frá Evrópusambandinu til fyrri hluta EUR-ACE verkefnisins ("Accreditation of European Engineering Programmes") sem miðar að því að koma á gæðavottun á námi í verkfræði og tæknifræði. Unnið hefur verið að því að skrifa vottunarstaðla og þróa vottunaraðferðir. Í síðari hluta verkefnisins er ráðgert að stofna eftirlitsstofnun, svipaða ABET, í Bandaríkjunum, sem verður staðsett í höfuðstöðvum FEANI í Brussel. Stofnunin kemur til með að heita ENAEE (European Network for Accreditation of Engineering Education).

Verkefnisstjórnin verður fyrst um sinn hjá háskólanum í Flórens (UNIFI) en stofnunin verður sem fyrr segir flutt til FEANI þegar verkefninu vex fiskur um hrygg.

Veffang: www.feani.org

Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar: Tók áskorun á tímum breytinga

Í byrjun árs 2005 tók Hrólfur Jónsson byggingartæknifræðingur við starfi sviðsstjóra Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. Miklar skipulagsbreytingar hafa orðið innan Framkvæmdasviðsins og hefur áhersla verið lögð á að auka hagkvæmni í rekstri, tryggja góðan starfsanda og veita borgarbúum góða þjónustu. Hrólfur segir að kominn hafi verið tími á breytingar og þeim hafi verið vel tekið.

Hrólfur tók við starfinu á spennandi tímum þegar umfangsmiklar stjórnkerfisbreytingar í borginni höfðu verið undirbúnar. „Ég fékk reyndar að taka þátt í mótun þessara breytinga og komst vel inn í þá hugmyndafræði sem þar lá að baki.“ Framkvæmdasviðið varð formlega til 1. febrúar 2005 og tók yfir það sem áður hét umhverfis- og tæknisvið og þar áður embætti borgarverkfræðings. Hrólfur fékk því tækifæri til að endurskipuleggja og móta þetta nýja svið og hann segir að það sé óneitanlega skemmtilegt fyrir stjórnanda að taka slíkri áskorun og hafa svoltið fjálsar hendur. „Ég held að sé óhætt að segja að breytingarnar hafi tekist vel og starfsfólkið var mjög virkt í mótun þeirra. Fyrir mig persónulega var í rauninni stórkostlegt að fá að koma inn á þessum tímum því það tóku allir þátt í þessu verkefni og það var ákveðið bakland til staðar. Ég hef síðan komist æ betur að því hversu mikil þekking og jákvæðni ríkir hjá starfsfólki sviðsins. Þessi reynsla hefur því verið mjög gefandi. Vissulega er starfið krefjandi og maður verður að sinna því af heilum hug og gefa sig allan í það. Ég starfa í nálægð við kjörna fulltrúa og íbúa borgarinnar og verkefnið sem koma inn á mitt borð eru afar fjöld-



breytt. Það er því ekki hægt að segja annað en þetta hafi verið frábær tími.”

Skipulagsbreytingar

Sem fyrr segir var ráðist í miklar skipulagsbreytingar í ársbyrjun 2005. Innan umhverfis- og tæknisviðs skiptust verkefnið in á gatnamálastofu, umhverfisstofu, fasteignastofu og skrifstofu borgarverkfræðings sem síðar varð skrifstofa sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs. Umhverfis- og tæknisviðið heyrði undir samgönguráð, umhverfisráð og stjórn fasteignastofu. Við breytingarnar varð til Framkvæmdaráð og tækifæri gafst til endurskipulagningar. Framkvæmdasviðið samanstendur nú af þremur skrifstofum: Mannvirkjagerð sér um allar nýjar framkvæmdir, Gatna og eignaumsýsla annast rekstur mannvirkja og skrifstofa Framkvæmdasviðs er stöðdeild við hinar tvær.

Hrólfur segir að skrifstofunum þremur sé stillt upp sem gæðahring þar sem er undirbúið, hannað, áætlað, framkvæmt, rekið og endurbætt samkvæmt skilgreindum verk- og gæðaferlum. Þannig sér Mannvirkjaskrifstofa til dæmis um hönnun, áætlanagerð og byggingu hvort sem það er nýr leikskóli eða gatnaframkvæmd, og að undangengnu skilamati er mannvirkið afhent gatna- og eignaumsýslu til reksturs.

Staðarhaldari Reykjavíkur

Framkvæmdasviðið er eins konar staðarhaldari borgarinnar því auk nýframkvæmda þá annast það umhirðu alls borgarlandsins, hvort sem það er grassláttur, snjómokstur, gatnahreinsun eða barátta við veggjakrot. Eins næri má geta berst fjöldi ábendinga og kvartana til sviðsins frá íbúunum og unnið hefur verið markvisst að því að bæta þjónustuna. Hrólfur segir að Framkvæmdasviðið sé eins og hvert annað þjónustufyrirtæki. „Við rekum fjórar hverfastöðvar sem veita íbúunum margvíslega þjónustu. Við vinnum að því að tryggja að allar ábendingar og kvartanir komist í réttan farveg og verkferlar séu skýrir. Við höfum sett okkur ákveðin markmið í því sambandi. Til dæmis ef tilkynnt er um slysaheittu af einhverju tagi þá á að sinna þeirri ábendingu innan tveggja tíma, í öðrum flokki eru ábendingar sem er sinnt innan tveggja daga og í þriðja flokknum eru þær sem við ætlum að sinna innan tveggja vikna. Vissulega eigum við langt í land að ná þessum markmiðum en lyklatríðið er að íbúarnir viti hvar erindi þeirra er statt og með hvaða hætti það verður afgreitt.”

Á síðastliðnu ári var hugað að ímynd og ásýnd Framkvæmdasviðsins. Til að gera sviðið sýnilegra voru bílar sviðsins, hverfisstöðvar og fatnaður starfsmanna merktur

Nafn: Hrólfur Jónsson, byggingartæknifræðingur, fæddur 24. janúar 1955 í Reykjavík.

Námsferill: Sveinspróf í húsnámsmiði, byggingartæknifræði frá Tækniskóla Íslands og síðan nám í brunaverkfræði við Háskólann í Lundi

Starfsferill: Húsnámsmiður hjá Sigurgísla Árnasyni meistara, Verkfræðistofa Braga og Eyvindar, Slökkvilið Reykjavíkur síðar Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem varaslökkviliðsstjóri og síðan slökkviliðsstjóri

Félags- og trúnaðarstörf: Meðal annars félagsstjóri fyrir Knattspyrnufélagið Val og Badminton samband Íslands.

nýju einkennismerki. Þá var á síðasta ári opnað nýtt Þjónustuver þar sem afgreiðslur sviðsins voru sameinaðar á einum stað og aðgengi að starfsemi sviðsins gert einfaldara og þægilegra.

Framkvæmdir

Á árinu 2006 hafði mannvirkjaskrifstofa Framkvæmdasviðs umsjón með um 50 nýbyggingarverkefnum. Í starfsáætlun sviðsins fyrir þetta ár kemur fram aukin áhersla á endurbýggingu eldri skóla- og leikskólalóða. Þá verður lokið við tvo nýja leikskóla og framkvæmdir hafnar við nýja grunnskóla í Norðlingaholti og Grafarholti. Uppbygging verður á íþróttasvæðum Fram í Grafarholti, ÍR, Fylkis og Fjölnis.

Samgöngumálin í borginni eru mikið til umræðu og er Framkvæmdasviðið tengiliður borgarinnar við Vegagerðina. „Stærstu samgönguaeðar borgarinnar eru á vegum ríkisins og við erum því ekki einráðir.“ Hrólfur segir stærstu verkefni vera undirbúning Sundabrautar, en nú er unnið að umhverfismati á jarðgöngum vegna hennar, undirbúning vegna Hlíðarfótar með tengingu við Hringbraut, mislæg gatnamót á mótum Miklubrautar og Krínglumýrarbrautar eru til skoðunar og nefnt hefur verið að Mýrargatan fari í stokk. Áfram er unnið að gatnagerð og undirbúningi lóða í Úlfarsfelli og gert er ráð fyrir að hefja undirbúning að gatnagerð vegna hugsanlegrar íbúðabyggingar í Geldinganesi. Þá er framundan undirbúningur að skipulagningu atvinnusvæðis á Hólmsheiði og lóð Bauhaus við Vesturlandsveg verður gerð byggingarhæf.

Sama dag og viðtalið var tekið við Hrólf kynnti meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur nýja þriggja ára áætlun. Þar er gert ráð fyrir 75% aukningu frá fyrri áætlun í nýframkvæmdum milli árána 2007 og 2008 og árið 2009 verður aukningin frá fyrri áætlun um 100%. Þar munar mestu um að stórauka á framboð á lóðum en úthluta á lóðum undir alls 3900 íbúðir, þar af um 40% fyrir sérbyli. - Það er því ljóst að það verða næg verkefni, nú sem áður, hjá Hrólf og samstarfsfólki hans á Framkvæmdasviði Reykjavíkur.

Framkvæmdasvið fer með ábyrgð á verklegum framkvæmdum Reykjavíkurborgar og annast samskipti vegna þeirra. Sviðið ber ábyrgð á byggingu, rekstri og viðhaldi mannvirkja í eigu borgarinnar. Það sér um leigusamninga, lóðasamninga, samskipti við Vegagerðina og fleiri aðila vegna framkvæmda í borginni. (Úr Starfsáætlun Framkvæmdasviðs 2007).

Um 250 manns vinna hjá Framkvæmdasviði. Þar af eru 18 tækni-fræðingar og 16 verkfræðingar.

Þrjú svið undir sama þak

Nýverið var undirritaður samningur þess efnis að Reykjavíkurborg leigir sjö þúsund fermetra skrifstofuhúsnæði af Eykt ehf. að Borgartúni 10-12. Þar með liggur ljóst fyrir að Framkvæmdasvið, Skipulags- og byggingarsvið, Umhverfissvið, Bílastæðasjóður og Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar flytja í sameiginlegt húsnæði 1. október n.k. Árleg leiga verður um 160 milljónir.

Fjöldi rekstrarþátta verður samnýttur svo sem fundasalir, matsalur, tæknirými og aðstaða fyrir starfsfólk. Þá mun gefast tækifæri til að skoða sameiginlegan rekstur stóðdeilda eins og afgreiðslu og þjónustuvæðis, skjalasafns og fleiri þátta.

Einnig var gengið frá samningum um sölu eignanna Borgartún 1, Borgartún 3, Skúlatún 2 og Hverfisgötu 14-14a. Samningar eru í samræmi við samþykktir borgarráðs frá 8. mars s.l. Söluverð eigna er 1,2 milljarðar króna.



Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra og Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra fluttu ávörp.

Nýting fallvatna og jarðhita í sátt við umhverfi

Þann 1. mars sl. efndu Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands til ráðstefnunnar: Nýting fallvatna og jarðhita í sátt við umhverfi. Fjallað var um frumvarp iðnaðarráðherra um nýtingu auðlinda og áform um langtímaáætlun og einnig voru flutt áhugaverð erindi um sjálfbæra nýtingu jarðhita, áhrif hlýnunar á nýtingu fallvatna, náttúruverndaráætlun og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og

jarðvarma. Ráðstefnan var vel sótt og þótti takast vel.

Samstarfsaðilar VFÍ og TFÍ við undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar voru: Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Rarik, Hitaveita Suðurnesja, Samorka, Umhverfisstofnun, Umhverfisráðuneytið og Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.



Fyrirlesarar tóku þátt í pallborðsumræðum. F.v. Karl Axelsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Auður Andrésdóttir, Óli Grétar Blöndal, Hákon Aðalsteinsson og Árni Bragason.

Aðalfundur SV

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga var haldin 16. mars sl. Hér verður stíkl- að á stóru í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2006. Ársskýrslan er birt í heild á heimasíðu SV: www.sv.is

Ársreikningur

Rekstrarafgangur félagsins nam rúmum 6,3 milljónum króna en rekstrartekjur námu rúmum 28,1 milljónum króna. Þar af voru félagsgjöld tæpar 18 milljónir króna og umsýslutekjur um 9,3 milljónir. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 32 milljónum en heildarskuldir námu á sama tíma um 17,3 milljónum króna. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 14,7 milljónir króna. Félagsgjöldin verða óbreytt eða 15.600 krónur á ári.

Lagabreytingar samþykktar

Annars vegar var um að ræða 4. grein um inngönguskilyrði og hins vegar 14. grein um stjórn og stjórnarkjör. Á 4. grein voru þær breytingar gerðar að nú teljast félagar fullgildir eða ungfélagar, en ungfélagar eru þeir sem lokið hafa 60 einingum í verkfræðinámi. Breytingarnar lúta að því að samræma lög SV við lög VFÍ varðandi inngöngureglur. Á 14. grein voru gerðar þær breytingar að í stað þess að kjósa varaformann sem situr alls í þrjú ár er kosinn formaður beinni kosningu. Hann skal hafa setið í stjórn SV áður. Kosid verður um þrjá meðstjórnendur árlega í stað tveggja áður. Stjórn kys sér síðan varaformann.

Lögfræðiaðstoð

SV greiddi tæpar tvær milljónir króna í lögfræðiaðstoð á árinu. Því miður þurfti fjöldi félagsmanna á slíkri aðstoð að halda á starfsárinu og er slík þjónusta einn hornsteinninn í starfi SV.



Sveinn V. Árnason, nýr formaður SV og Lára V. Júlíusdóttir fundarstjóri en hún er lögfræðingur SV.

Samstarf og rekstur annarra félaga

VFÍ - Samstarf SV og Verkfræðingafélags Íslands hefur aukist stig af stigi og er samstarf félaganna mjög gott. Aukin samvinna leiðir til hagræðingar og bættrar þjónustu við félagsmenn. Á starfsárinu 2005-2006 voru tölvugögn SV færð yfir á sameiginlegan netþjón SV og VFÍ. Þá var félagaskrá SV færð yfir í Navision úr Fjölmi. Þessar breytingar auðvelda mjög alla starfsemi SV og skapa sóknarfæri.

ST - SV hefur í rúm sex ár séð um rekstur Stéttarfélags tölvunarfræðinga (ST) en félagsmenn eru um 80 talsins. Um er að ræða tölvunarfræðinga sem starfa utan kjarasamninga og gera einstaklingsbundna ráðningarsamninga.

FLT - Frá árinu 2004 hefur SV séð um rekstur stéttarfélags tæknimanna hjá Landsvirkjun og Landsneti. Félagið er samningsaðili þessara starfsmanna gagnvart fyrirtækjunum. Félagsmenn eru um 50 og á bilinu 5-10 eru þegar félagsmenn í SV. Félagsmenn FLT óskuðu nýverið eftir aðild að Orlofssjóði SV.

SFB - Á árinu 2005 tók SV við rekstri Stéttarfélags byggingarfræðinga.

Félagsmenn greiða í Sjúkra- og orlofssjóð SV. Félagar eru nú um 55 og eru allir með einstaklingsbundna ráðningarsamninga. Launþegafélag arkitekta - hefur lýst áhuga á að semja við SV á svipuðum notum og þau félag sem nefnd eru hér að ofan.

Hvar starfa félagsmennirnir?

Skipting félagsmanna er sú að um 190 félagar vinna á verkfræðistofum, 210 hjá ríki, 35 hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum, 485 á almennum markaði og 70 félagar eru í námi og erlendis og borga því ekki fullt félagsgjald. Alls eru því um 990 félagsmenn í SV. Vegna einkavæðingar fækkar stöðugt þeim félagsmönnum sem starfa í opinbera geiranum.

Stjórn SV

Stjórn SV síðastliðið starfsár var skipuð eftirtöldum: Jóhanna H. Árnadóttir, formaður, Sveinn Víkingur Árnason, varaformaður, Sveinbjörg Sveinsdóttir, fráfarandi formaður, Hulda Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Sigurður E. Guttormsson, ritari, Arnór B. Kristinsson, meðstjórnandi, Lilja G. Karlsdóttir, meðstjórnandi, Árni Ísberg, varamaður og Daði Jóhannesson varamaður. Úr stjórn gengu Daði, Sveinbjörg, Hulda, Sigurður og Jóhanna, sem hefur tekið við formennsku í VFÍ. Á fundinum var Sveinn V. Árnason kosinn formaður og meðstjórnendur voru kosnir Anna Karlsdóttir, Daði Jóhannesson, Gísli Georgsson og Kristín Berg Bergvinsdóttir var kosinn varamaður.

ORÐANEFNDIR VFÍ

Ípoti og radió

Orðanefnd Rafmagnsverkfræðingadeildar VFÍ (ORVFÍ) hefur mikið reynt að finna gott íslenskt íðorð yfir enska heitið „radio“. Nefndarmenn hafa ekki verið á einu máli og skipst í tvo hópa. Annars vegar þá sem vilja finna íslenskt íðorð yfir hugtakið og hins vegar þá sem vilja taka upp erlenda heitið lítið breytt og kalla radió.

Þá hefur nefndin rætt um „i-Pod“. Komið hafa fram nokkrar tillögur og eins og: spila-stokkur, glymskratti, tónhlaða, tölvukútur, tónkútur, tónstokkur, tónsarpur og ípoti. Þess má geta að orðið „ípoti“ hlaut góðar undirtektir nefndarmanna.

ORVFÍ er elsta starfandi orðanefnd landsins, stofnuð 16. maí 1941. Hún er beinn arftaki Orðanefndar Verkfræðingafélagsins sem starfaði frá árunum 1919 til 1933. Nokkra undanfarna áratugi hafa nefndarmenn komið saman vikulega. Öll störf orðanefndarmanna í þágu orðanefndarinnar eru sjálfbóðaliðastörf og hefur svo ávallt verið.

Formaður nefndarinnar er Bergur Jónsson.



**Verkfræðistofa
Jóns Kristjánssonar**

Skúlagötu 19 - 101 Rvk.
Heimasíða: www.vjk.is
netfang: jokris@simnet.is
Sími: 551-9820 - Fax: 551-9830

Nýir fisléttir tímar!

Fjölbreytt íslensk framleiðsla



Brunnur \varnothing 1000 mm



Brunnur \varnothing 1000 mm



Brunnur \varnothing 600 mm



Brunnur \varnothing 600 mm



Brunnur \varnothing 400 mm



Kapalbrunnur \varnothing 1000 mm



Framlenging \varnothing 600 mm



Keila \varnothing 600 / 1000 mm

Allar okkar vörur til fráveitulagna þola þyngstu umferð



Framlenging \varnothing 400 mm



Vatnslásbrunnur



Fituskilja



Vatnsgeymir



Sandföng



Sandskilja



Járnbentir brunnhringir




Járnbent lok



Sambyggð sand- og olíuskilja



Rotþró



Frauðplast



Takkamottur



Vegatálmar



Rauðbrúnir
brunnar og framlengingar
þola umferð þyngsta
bítraða



Vottað umhverfisstjórnunarkerfi síðan 1999

BORGARPLAST HF.

Sefgarðar 1-3a, 170 Seltjarnarnes og Völuteigur 31, 270 Mosfellsbær, sími 561 2211
fax 561 4185, borgarplast@borgarplast.is



Vottað gæðakerfi síðan 1993

www.borgarplast.is

Almenna
verkfræðistofan
FRAMÖTUN
ARMANNVIKRI
av@almenna.is - www.almenna.is

ASETA
Sími: 533 1600

ALFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755
www.alfaborg.is

Danfoss
Danfoss hf.
SKÚTUVOGI 6 SÍMI 510 4100
www.danfoss.is

FJARHITUN
VERKFRÆÐISTOFA
Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Sími 578 4500, fax 578 4599
Vefsíða www.fjarhitun.is
Netfang fjarhitun@fjarhitun.is

FJÖLHÖNNUN ehf.
Verkfræðistofa
Stórhöfða 27 - 110 Reykjavík
Sími: 525-0300 - Fax: 525-0309
www.fjohlonnun.is
fjohlonnun@fjohlonnun.is

Framtíðin er í okkar höndum
Framtíðin felst í hátækni
- sjá áskorun til ríkis-
stjórnarinnar, stefnu SI
og tillögur á www.si.is

Glófaxi ehf
Iðnaðar- og eldvarnarhurðir
Ármúla 42, 108 Rvk.
S: 553 4236 glofaxi@simnet.is

HS
HITASTÝRING hf.
Ármúla 16 - 108 Reykjavík
Sími: 552 2222 - Fax: 562 4966
hitastyring@hitastyring.is

HITAVEITA
SUBURNESJA HF.
Pósthólf 225 • 231 Reykjanesbær
S: 422 5200 • F: 421 4727
www.hs.is • hs@hs.is
Netf. forst.: julius@hs.is

HNIT HF
VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
Sími 570-0500, fax 570-0503
hnit@hnit.is, www.hnit.is

ÍSLEIFUR
JÓNSSON
Dragháls 14 - 16 - 110 Reykjavík
Sími, 4 12 12 00 - www.isleifur.is

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMÍÐJA EHF.
Bildshöfða 12, 110 Reykjavík
sími 587 6666 - fax 567 3624
www.isloft.is - isloft@isloft.is

ÍSTAK

LAGNATÆKNI
Hönnunar- og ráðgjafarstofa / FRV

Linuhönnun
verkfræðistofa
Suðurlandsbraut 4a • 108 Reykjavík
Sími 585 1500 • Fax 585 1501
lh@lh.is • www.lh.is
...á vil góðra verka

Fagleg og lögleg
Hvetjum landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilin réttindi - og það er að finna á Meistarinn.is

pappi.is
Þakpappi, þakdúkar
Sundlaugadúkar, gúmmidúkar
Sími 557 8030 og 892 8131
www.pappi.is • pappi@pappi.is

Rafhönnun
Ármúli 42 • 108 Reykjavík
Sími 530 8000 • Fax 588 8302
www.rafhonnun.is • rafhonnun@rafhonnun.is

RAFSTJÓRN ehf.
Stangarhyl 1A • 110 Reykjavík
Sími 587 8890 • Fax 567 8090
rafstjorn@rafstjorn.is
www.rafstjorn.is
Virgni loftræstikerfa er okkar fag

RAFTEIKNING HF
RAGULMAMENN
CONSULTING ENGINEERS
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
S: 520 1700
www.rafteikning.is - rf@rafteikning.is

REYKJALUNDUR
Plastiönaður
Umbúðalausnir - Rör - Lagnaefni - Weholite
Moslélsbæ - Sími 530 1700 - www.rp.is

Reykjavíkurborg
Frankvæmdasvið
Skúlatúni 2 • Sími 411 8000
fs@rvk.is • www.reykjavik.is/fs

RT EHF LTD
R A F A G N A T Æ K N I
SÍÐUMÚLA 1 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 7555 - FAX 568 7556
NÝ HEIMASÍÐA: www.rt.is

RTS
VERKFRÆÐISTOFA
Grensásvegur 3
108 Reykjavík
Sími 520 9900
Fax 520 9901
www.rts.is

SAMSKIPTI
prentlausnir
fyrir skapandi fólk
sími 580 7800 • www.samskipti.is

SI
Samtök iðnaðarins
www.si.is

Sökkull ehf.
Funahöfða 9
110 Reykjavík
S: 5776100
Fax: 5776104
www.sokkull.is
sokkull@sokkull.is

Teiknistofa PZ ehf
Ráðgjafaverkfræðistofa
Kirkjuvegi 23 • Vestmannaeyjum
Sími 481 2711 • tpzp@eyjar.is
www.teiknistofa.is

VGS
VERKFRÆÐISTOFA
GÖBLJÓNS P. SIGFÚSSONAR ehf.
Antoniugata 42, 800 Selfoss ísl. land
Tel: 004 482 2868 F: 004 482 2828
E-mail: vgs@vgs.is

Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf.
Síðumúli 1 • 108 Reykjavík • Sími 560 5400 • Fax 560 5410 • www.vjis

un
Verkfræðistofa
Norðurlands ehf

VERKFRÆÐISTOFA
SUÐURLANDS EHF
Austurvegi 3 - 5 • 800 Selfoss
Sími 482 3900 • Fax 482 3914
verksud@selfoss.is

AFL
Verkfræðistofa
Bildshöfða 14 sími: 580 7700 www.afl.is

VÉLVÍK
Sími 587 9960 • Fax: 587 9963
www.velvik.is

VGK HÖNNUN
Grensásvegi 1, 108 Reykjavík
Sími: 422 3000 / Fax: 422 3001
vgkhonnun@vgkhonnun.is / www.vgkhonnun.is

VÍDD
BÆJARLIND 4 KÓPAVOGI S: 554 6800
NJARDARNES 9 AKUREYRI S: 466 3600

VÍÐSJÁ
VERKFRÆÐISTOFA FRV
561
9040

VSÖ
VERKFRÆÐISTOFA
BÆJARHRAUNI 20 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

VSÓ RÁÐGJÖF
Borgartúni 20, 105 Reykjavík
sími: 585 9000, fax: 585 9010
netfang: vso@vso.is
heimasíða: www.vso.is

Aðalfundur VFÍ



Logi Kristjánsson framkvæmdastjóri VFÍ og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri SV, færðu Jóhannu H. Árnadóttur, nýjum formanni VFÍ og Steinari Friðgeirssyni, fráfarandi formanni VFÍ, blóm frá starfsfólki félaganna. Jóhanna var formaður SV síðastliðð starfsár en lét af stjórnsetu vegna formannsstarfa fyrir VFÍ. Hún er fyrsta konan til að gegna því embætti í 95 ára sögu VFÍ. Á myndinni eru f.v. Logi, Jóhanna, Steinar og Árni.

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands var haldinn 22. mars sl. Hér verður stiklað á stóru í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2005. Ársskýrslan með ársreikningum er birt í heild á heimasíðu VFÍ: www.vfi.is

Ársreikningur

Rekstrarhagnaður félagsins var tæpar 1,2 milljónir króna en rekstrartekjur námu rúmum 19,4 milljónum króna. Fjárhagsstaða VFÍ er góð. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu 16,8 milljónum króna en heildarskuldur námu á sama tíma 3,0 milljónum. Eigið fé félagsgjóðs var því um 13,8 milljónir króna. Á aðalfundinum var samþykkt samhljóða að hækka félagsgjöldin úr 20 þúsund í 21 þúsund krónur.

Hússjóður

VFÍ á húseignina að Engjateigi 9 og hlut í Engjateigi 7. Rekstrartekjur voru um 23,2 milljónir á árinu. Rekstrargjöld voru alls um 10,3 milljónir, þar af voru tæpar 4,9 milljónir framlag til félagsgjóðs VFÍ, sem er um 25% af tekjum félagsgjóðs VFÍ. Á

síðastliðnu ári var ráðist í umfangsmiklar endurbætur á þaki Engjateigs 9 til að koma í veg fyrir hvímeiðan leka. Á árinu 2007 er stefnt að því að taka stigahúsið til gagngerðra endurbóta og undirbúnar verða áframhaldandi endurbætur á jarðhæðinni.

Menntamálanefnd

Af 66 umsóknum um inngöngu í félagið voru 62 umsóknir samþykktar en 4 var hafnað. Alls voru 59 umsóknir um ungfélagaaðild samþykktar en 4 var frestað þar til tilskilinn einingafjöldi hefur náðst. Af 72 umsóknum um starfsheitið voru 59 umsóknir samþykktar, 9 var hafnað og umfjöllun um 3 er ekki lokið og ein var afturkölluð. Heildarfjöldi umsókna var mun meiri á starfsárinu en síðastliðin ár og var það einkum vegna margra umsókna um ungfélagaaðild.

Nýr vefur VFÍ

Logi Kristjánsson kynnti nýjan vef VFÍ sem ráðgert er að verði tekinn í notkun í maímánuði n.k. VFÍ og TFÍ standa saman að hönnun, uppsetningu og umsjón en vefir félaganna verða áfram aðskildir, þó með svipuðu útliti og að mestu leyti sama innihaldi. Eftir lokað útboð var samið við

Hugsmiðjuna um hönnun og uppsetningu en þeir bjóða vefumsjónarkerfið Eplica.

Ávarp formanns

Steinar Friðgeirsson, lét af embætti eftir fjögur ár sem formaður VFÍ. Í ávarpi sínu sagði hann m.a.: „Fjórða starfsári mínu sem formaður VFÍ er nú að ljúka og get ég ekki annað en verið sáttur við árangurinn. Starfsemi félagsins hefur verið öflug á þessu starfsári líkt og á undanföllum árum. Félagið sinnir veigamiklu starfi í þágu stéttarinnar og ég tel það afar mikilvægt að eiga þennan sameiginlega vettvang til að gæta hagsmuna okkar, standa vörð um ímynd okkar og efla vísinda- og tækniþekkingu í landinu. Það er ánægjulegt að sjá hversu margt ungt fólk gengur til liðs við félagið og á síðasta ári fjölgaði um liðlega 50 manns í félaginu og er það vel, en nú eru um 1220 félagar í VFÍ og hefur fjölgað um rúmlega 100 á fjórum árum.“

Ný stjórn VFÍ

Að þessu sinni var sjálfkjörið í stjórn VFÍ. Jóhanna Harpa Árnadóttir, rekstrarverkfræðingur, er nýr formaður VFÍ og fyrsta konan til að gegna því embætti í 95 ára sögu félagsins. Aðrir í stjórn eru: Ólafur Pétur Pálsson, vélaverkfræðingur, Gísli Pálsson, byggingarverkfræðingur, Eysteinn Einarsson, byggingarverkfræðingur, Björn Karlsson, byggingarverkfræðingur, Ásdís Elva Guðmundsdóttir, byggingarverkfræðingur og Magnús Gíslason, rafmagnsverkfræðingur, varameðstjórnandi. Jóhanna ávarpaði fundinn þegar kjöri nýrrar stjórnar hafði verið lýst og þakkaði það traust sem henni hefði verið sýnt, fyrir það væri hún bæði þakklát og stolt. Hún sagði styrk félagsins endurspeglast í því fjölbreytta starfi sem væri unnið innan vébanda þess. Hinn nýi formaður sagði jafnframt að Verkfræðingafélagið eigi að vera framsækið en virða þurfi þær hefðir sem hafi skapast í langri sögu þess.

Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands var haldinn 30. mars sl. Fjallað verður um fundinn í næsta tölublaði sem kemur út í byrjun maí.



ECL stjórnstöðvar fyrir hitakerfi

Húseigendur!

Aukið þægindin og lækkið hitunarkostnaðinn

með ECL stjórnstöð á hitakerfið

Kynnið ykkur kosti og verð

ECL stjórnstöðvarinnar frá Danfoss



Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf

Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Vísinda- og starfsmenntunarsjóður hjá Ríki

Haldnir eru stjórnarfundir reglulega, að jafnaði síðasta miðvikudag mánadanna: mars, júní, september og síðasti fundur ársins er um miðjan desember. Næsti fundur verður haldinn í lok júní. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu SV: <http://www.sv.is/>. Valin er stíkan „Vísindasjóður“, vinstra megin.

Undanfarin ár hefur álfka mikið verið greitt í sjóðinn og greitt hefur verið úr honum. Árið 2006 varð breyting á og greiðslur úr sjóðnum mun minni en undanfarin ár. Það er því rík ástæða til að hvetja sjóðfélaga til að sækja um styrki.

Hægt er að sækja um styrki sem nema allt að kr. 390.000. Meðal annars eru veittir styrkir til tölvukaupa. Skilyrt er að minnst fjögur ár líði á milli styrkveitinga til tölvukaupa. Upphæð tölvustyrkja er að hámarki kr.130.000. Styrkir eru veittir til að sækja námskeið og ráðstefnur, til kaupa á bókum o.fl.

Starfsmenntunarsjóður hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum

Haldnir eru stjórnarfundir reglulega að jafnaði síðasta föstudag mánadanna: mars, júní, september og síðasti fundur ársins er um miðjan desember. Næsti fundur verður haldinn í lok júní. Upphæð hámarksstyrkja er kr. 390.000. Réttindi aukast um kr. 130.000 á ári ef ekki er greiddur styrkur en verða að hámarki en kr. 780.000.

Árið 2006 jukust tekjur mikið en greiðslur vegna styrkja lækkuðu á sama tíma. Sjóðfélagar eru hvattir til að sækja um styrki til endurmenntunar enda er hún ein af mikilvægustu þáttunum í sókn til hærri launa.

Vakin er athygli á því að þeir verkfræðingar sem starfa hjá sveitarfélögum sem gefa Launanevnd sveitarfélaga umboð til samninga við SV eiga aðild að sjóðnum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu SV: <http://www.sv.is/>. Valin er stíkan Starfsmenntunarsjóður vinstra megin.

Styrkir eru veittir til að sækja námskeið og ráðstefnur, til kaupa á bókum, tölvum o.fl. Upphæð tölvustyrkja er að hámarki kr.130.000.



Nýuppgerður bústaður að Hrísum í Eyjafirði.

Frá Orlofssjóði Stéttarfélagss verkfræðinga:

OSV sumar 2007

Sumarið 2007 býður OSV upp á orlofshús við Hreðavatn, Ólafshús í Stykkishólmi, tvo bústaði OSV í Hraunborgum í Grímsnesi, tvær íbúðir á Akureyri, nýuppgerðan bústað að Hrísum í Eyjafirði, sumarhús á Héraði, bústað við Kirkjubæjarklaustur, leigu á tjaldvagni og gistingu á Edduhótelum. Bústaður við Hreðavatn er nýr í leigu en þar er heitur pottur. Þá hefur húsið að Hrísum verið stækkað um 15 m² og þar hefur verið komið fyrir rafhituðum potti. Bústaðurinn við Kirkjubæjarklaustur er einnig með rafhituðum potti.

Það er vert að vekja athygli á að **félagar í Orlofssjóði SV eru allir félagsmenn SV sem greiða eða greitt er fyrir í sjóðinn**. Iðgjöld í sjóðinn eru 0,25% af launum og greiðast af vinnuveitanda. Í sjóðinn er nú greitt fyrir verkfræðinga hjá ríki og Reykjavíkurborg og sveitarfélögum sem hafa samning við SV auk flestra á almennum markaði. Ekki hefur náðst samkomulag við FRV verkfræðistofur um greiðslur í OSV. Ef félagsmenn SV eru í vafa um hvort greitt er fyrir þá í OSV geta þeir leitað til skrifstofunnar. Síminn er 568 9986.

Vetrarleiga OSV

**Akureyri, íbúð
Hótelmiðar á Flugleiðahótel
Hraunborgir í Grímsnesi
Ólafshús í Stykkishólmi**

Í vetur aukast enn gistinguleikar hjá Orlofssjóði SV og nýverið var farið að bjóða íbúð á Akureyri til leigu. Íbúðin er í eigu Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi og hefur samkomulag verið gert um að OSV nýti þær vikur sem eru lausar. Hægt er að skoða íbúðina á: <http://www.foss.bsrb.is/orlofsmal/akureyri/>. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu SV.

Þá geta sjóðfélagar keypt hótelmiða hjá Flugleiðahótelum á hagstæðu verði eða kr. 6.000 fyrir tveggja manna herbergi með baði. Morgunverður er innifalinn. Um er að ræða Hótel Flúðir, Hótel Hamar í nágrenni Borgarness, Hótel Klaustur á Kirkjubæjarklaustri, Flughótel í Keflavík og Hótel Loftleiðir í Reykjavík.

Hús Orlofssjóðsins í Hraunborgum eru til leigu allan veturinn.

Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða fyrir vetrarleigu en áhugasamir eru beðnir að snúa sér beint til skrifstofu SV. Tölvupóstfang: inga@sv.is og sími: 568-9986.

Tilkynning frá Stéttarfélagi verkfræðinga

Mjög mismunandi er hvernig stofnanir raða störfum í launaramma og launaflokka. Verkfræðingar sem hyggjast ráða sig hjá ríki og Reykjavíkurborg eru hvattir til að leita sér upplýsinga um röðun hjá viðkomandi stofnun áður en þeir ráða sig í vinnu.


Kjarakönnun SV 2007

Kjarakönnun SV 2007 er nú í gangi. Eins og undanfarin ár er könnunin gerð á rafrænu formi. Það er aldrei of oft ítrekað að mikilvægt er að sem flestir verkfræðingar taki þátt í könnuninni. Aðeins þannig fást upplýsingar um raunveruleg laun verkfræðinga á Íslandi. Það er því nauðsynlegt að hafa sem flest netföng starfandi verkfræðinga. Þeir sem ekki hafa fengið könnunina senda en vilja taka þátt eru beðnir að hafa samband við skrifstofu SV. Það er ekki skilyrði fyrir þátttöku að vera félagsmaður í SV. Hægt er að senda netfang vegna þátttöku á skrifstofu SV á netfang starfsmann félagsins, Ingigerði Jónsdóttur. Netfang Ingigerðar er: inga@sv.is.


Allir verkfræðingar eru hvattir til að taka þátt í rafrænni Kjarakönnun SV.



Autodesk Inventor® 2008 er rétta valið fyrir nýja notendur og þá sem eru að færa sig úr tvívíddar hönnun í þrívídd. Inventor® er með fullkomnum verkfærum fyrir bæði þrí- og tvívíddarvinnslu. Þú getur byggt á og haldið áfram að nýta gömul tvívíddargögn úr AutoCAD®. Inventor Professional® 2008 gefur möguleika á að hanna einnig loft- og vökvakerfi, raflagnir í vélar, gera hreyfilikan og reikna í lag. Autodesk Vault kerfið til útgáfustýringar svo og AutoCAD® Mechanical 2008 fylgir með. Engin furða að Autodesk Inventor® 2008 Series er mest selda þrívíddar hönnunarforritið.




AutoCAD® Mechanical 2008 er skradda-rasaumaður tvívíddar hugbúnaður fyrir vélrænna hönnun og teikningu og býður upp á verulega afkastaaukningu við hönnun vélrænna hluta. Innifalið er íhlutasafn sem byggir á alþóða stöðlum svo sem ANSI; DIN, ISO ofl. Auk þesse eru teikniverkfæri til að sjálfvirkni í teikningagerð verði enn meiri en þekkt frá "venjulegum" AutoCAD®



AutoCAD® 2008 Electrical er hluti af AutoCAD 2008 fjölskyldunni. Ef þú hannar rásateikningar eða einlínu-teikningar fyrir véla, fyrir videokerfi, fyrir hljóðkerfi, stjórnkerfi osfrv. þá er AutoCAD® Electrical fyrir þig. AutoCAD Electrical byggir á AutoCAD og er leiðandi á sínu sviði. AutoCAD Electrical getur móttekið frá og sent upplýsingar til Autodesk Inventor AutoCAD® Electrical - hið augljósa val - kostar minna en þú heldur.




Autodesk VIZ 2008 Trúðu þínum eigin augum. Hugbúnaður til að myndgera þína hönnun. Fyrir arkitekta, verkfræðinga, tækniteiknara og aðra sem þufa að myndgera hönnun. Einfalt í notkun og með fullkomnar aðgerðir til að búa til módel, skilgreina hreyfingar, setja inn lýsingu og svo búa til endanlegu myndina. Frábær viðbót við AutoCAD og Inventor




AutoCAD® LT 2008 teiknihugbúnaðurinn - mest selda tvívíddar teikniforrit í heimi - er orðinn enn betri. Nú með "Dynamic Blocks", "Layer Express Tools" og enn auðveldari teikniaðgerðum ásamt mörgum öðrum nýjungum.

Autodesk®
 Authorised Reseller



CAD ehf
 Skipholt 50 A - 105 Reykjavík, Iceland
 tel: +354 552 3990 - fax: +354 552 3992
 www.cad.is - cad@cad.is



Rétt tæki
Réttar aðferðir
Á réttum tíma

Bylting í landmælingum hefur litið dagsins ljós með Trimble í fararbroddi.

Trimble býður ekki einungis framúrskarandi landmælingatækni heldur einnig einvala teymi sérfræðinga sem hafa það eitt að markmiði að þú nái þínum markmiðum.

Trimble býður upp á fjölbreytileika og hágæða lausnir í landmælingum sem færa þig og þína starfsemi inn í framtíðina, hvort sem er á skrifstofunni eða á vettvangi.

Trimble tekur stefnuna með þér.



www.trimble.com